

BORGARRÁÐ 16. mars 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um málefni Strætó - MSS23030117

Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um eftirfarandi málefni Strætó: Hvernig er fyrirkomulag afhendingar skiptimiða í strætó? Ábendingar hafa borist að ekki sé samræmi í skiptamiðaafhendingu, að ekki sé hægt að treysta því að fá skiptimiða, stundum sé því einfaldlega hafnað. Á heimasíðunni straeto.is eru engar skýringar né reglur um þetta að finna. Hvernig eru reglurnar og eru allir bílstjórar meðvitaðir um þær? Hvernig er upplýsingum um strætóferðir og fleira komið til notenda strætó? Hér er t.d. átt við upplýsingar um leiðir, sem dæmi hvaða bílar aki niður í miðbæ frá Hlemmi og hvar þeir vagnar bíða á Hlemmi (Hlemmur hefur fjórar hliðar og svo eru þar aukabiðstöðvar til hliðar). Hefur Strætó fengið leyfi til að kalla eftir og geyma persónuupplýsingar þegar nemandur kaupir nemakort? Framhaldsskóla- og háskólanemendur geta fengið nemakort og við kaupin veita þeir strætó aðgang að persónulegri síðu nemenda. Stenst það persónuverndarlög að umsækjandi um nemakort skili inn staðfestingu á því að hann hafi greitt skólagjald?